



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 111. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, mánudaginn 3. október 2022, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu,
Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Snævarr Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristín Hermannsdóttir, varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell,
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn,
Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn,
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

Forföll boðuðu: Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Páll Róbert Matthíasson, varafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir fara yfir stöðu mála.

Þjóðgarðsverðir greindu frá starfseminni undanfarnar vikur.

Við Jökulsárlón er mikil umferð gesta. Búið er að bjóða út ræstingu á salernunum þar og verið er að semja við þjónustuaðila. Gamlabúð verður opin frá 9 til 13 alla daga í vetur.

Í Skaftafelli sér fyrir lokin á framkvæmdum í Hæðum og framkvæmdir við gólfhita eru hafnar í Sandakoti. Einhverjar skemmdir urðu á skemmuni í vonda veðrinu um síðustu helgi. Vinna við deiliskipulag heldur áfram. Einnig er mikil umferð gesta í Skaftafelli, en starfsstöðin er vel mönnuð. Hópur frá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu kom í heimsókn á dögnum og fékk að sjá ýmsar tímabundnar húsnæðislausnir fyrri ára.

2. Húsnæðismál - Höfn - 2111034

Staðgengill framkvæmdastjóra kynnrir stöðu mála varðandi húsnæðismál á Höfn.

Hópur frá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu kom í heimsókn á Höfn á dögnum til að kynna sér aðstæður vegna framtíðarhúsnæðis Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn. Leigusamningur í Gömlubúð rennur út í lok mars 2023 og verið er að vinna í bæði tímabundnum og varanlegum lausnum. Þjóðgarðurinn er einnig með þrjár skrifstofur í Nýheimum og áhugi er fyrir því að fjölga þeim.

3. Siglingar á Jökulsárlóni - staða mála haust 2022 - 2209080

Þjóðgarðsvörður og staðgengill framkvæmdastjóra fara yfir stöðu atvinnumála á og við Jökulsárlón.

Þrjú fyrirtæki hafa óskað eftir leyfi til siglinga á Jökulsárlóni. Þjóðgarðurinn hefur ekki getað boðið þeim aðstöðu eða samning vegna plássleysis á athafnasvæðinu og þeim samningum sem þegar eru í gildi. Umrædd fyrirtæki hafa þegar fengið send bréf þar sem þetta kemur fram. Verið er að vinna í tímalínu fyrir framtíð siglinga á Jökulsárlóni.

4. Jökulsárlón - breyting á deiliskipulagi - 2209088

Þjóðgarðsvörður kynnir áætlun um breytingu á deiliskipulagi við Jökulsárlón í samræmi við ráðleggingar frá ráðgjöfum Vörðuverkefnisins.

Breytingin yrði sú að byggingarreitur fyrir aðalathafnasvæðið yrði færður niður í farveg frá 1894 í stað þess að vera uppi á öldunni. Þjóðgarðsvörður á Höfn mun sækja um fjármagn í innviðasjóð til þess að fara í þessa deiliskipulagsbreytingu.

5. Fundartími svæðisráðs suðursvæðis 2022-2023 - 2209097

Umræður og ákvörðun fundartíma komandi veturs.

Stefnt er að því að svæðisráð fundi fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 10:00.

Fundargerð ritaði: Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 10:00.